FRÉTTABLAÐIÐ

294. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 17. DESEMBER 2019

Álftirnar og gæsirnar á Reykjavíkurtjörn láta aðventukuldann ekki á sig fá. Lítið er um fæðu á þessum árstíma og var álftin því sátt við matargjöf þessa örláta unga manns við Tjörnina í gær. Ekki má gefa fuglunum æti á vorin í kringum varptímann. Annars er mælst til þess að fuglunum séu gefin fræ, hafrar og jafnvel grænmetisafgangar í stað brauðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vilja hætta með vistun fyrir ósakhæfa

Velferðarsvið Reykjavíkur vill hætta samstarfi við ríkið um öryggisvistun. Telur sviðið rekstur öryggisvistunar ekki eiga heima hjá sveitarfélögum. Tveir einstaklingar eru í öryggisvistun á vegum Reykjavíkurborgar.

STJÓRNSÝSLA Reykjavíkurborg hyggst losna undan samstarfi við ríkið um öryggisvistun ósakhæfra einstaklinga. Tímabundinn samningur milli borgarinnar og velferðarráðuneytisins um rekstur slíks úrræðis var undirritaður árið 2016 og hefur síðan verið framlengdur árlega undanfarin þrjú ár. Velferðarsvið borgarinnar telur óeðlilegt að reksturinn sé í höndum sveitarfélags og hafnar því frekara samstarfi við ríkið.

Málið var tekið fyrir á fundi velferðarráðs borgarinnar á dögunum. Í minnisblaði, sem Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, lagði fram, kemur fram að borgin hafi tekið að sér tímabundinn rekstur öryggisvistunar árið 2016 vegna ófremdarástands í málaflokknum. Fyrirkomulagið er á þá leið að Reykjavíkurborg sér um reksturinn gegn greiðslu frá ríki. Nam fjárhæðin um 83 milljónum króna árið 2019.

Í dag ertu tveir slíkir einstaklingar vistaðir í öryggisvistun. Í dómsorði yfir öðrum þeirra kom fram að viðkomandi var ekki gerð refsing í sakamáli gegn honum heldur gert að sæta vistun í sérstöku úrræði á vegum Reykjavíkurborgar. Fram

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

kom að viðkomandi átti að sæta gæslu allan sólarhringinn og þiggja margs konar stuðning sem talinn væri æskilegur. Við þá úrlausn mála að sveitarfélag væri gert ábyrgt fyrir vistun einstaklingsins gerði velferðarsvið Reykjavíkurborgar alvarlegar athugasemdir.

Í áðurnefndu minnisblaði kemur fram að viðræður Reykjavíkurborgar og félagsmálaráðuneytisins um úrlausn mála hafi staðið yfir í nokkurn tíma. Velferðarsvið borgarinnar gerir ráð fyrir að reka hið tímabundna úrræði í lengsta lagi til 1. júní 2020. Þá á að liggja fyrir lagaramma um starfsemina sem og tillaga um framtíðarskipulag.

Boltinn er því hjá ríkinu þar sem einhver tregða virðist í veginum. Þannig óskaði velferðarsvið borgarinnar eftir aðkomu dómsmálaráðuneytisins að málinu en erindum sviðsins hefur ekki verið svarað. – **þþ**

Jákvæð þróun

AKUREYRI Jákvæð þróun er í efnahag og vinnumarkaði á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum. Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor við Háskólann á Akureyri, segir það sérstakt rannsóknarefni hversu mikil aukning hefur verið síðasta áratug á eigin fé fyrirtækja á svæðinu.

– gar / Sjá síðu 4

Þingmenn fara í jólafrí í dag

STJÓRNMÁL Þingstörfum lýkur í dag ef allt gengur upp í samræmi við samkomulag þingflokka þar um. Greidd voru atkvæði um fjölda þingmála í gær, þar á meðal um nokkur þingmannamál. Þannig var þingmál Samfylkingarinnar um rannsóknir á þunglyndi eldri borgara samþykkt. Meðal mála sem afgreiða á fyrir jól er lenging fæðingarorlofs og ný heildarlög um sviðslistir.

Ekki hafði enn verið mælt fyrir fjölmiðlafrumvarpi menntamálaráðherra þegar Fréttablaðið fór í prentun en gert er ráð fyrir því að málinu verði vísað til nefndar og umsagna aflað um það meðan þingmenn eru í jólafríi.

Fjárlagavinnunni lauk óvenju snemma í ár sem hefur flýtt töluvert fyrir á lokametrunum. – **aá**

Veður



Víða norðaustan 10-18 m/s, él NA- og A-lands, en léttir til á S- og SV-landi. Kólnar með deginum. Snjókoma á NA-verðu landinu. Frost yfirleitt 0 til 5 stig.

SJÁ SÍÐU 20

Vill grænt ljós til að birta pósta

SAMHERJAMÁL Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, skorar á Björgólf Jóhannsson, forstjóra Samherja, að gefa grænt ljós á að birta fleiri tölvupósta úr pósthólfi uppljóstrarans Jóhannesar Stefánssonar.

Björgólfur sagði í samtali við Fréttablaðið fyrr í mánuðinum að það væri áhyggjuefni að það vantaði stóran hluta af tölvupóstum Jóhannesar í gagnsafni WikiLeaks. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er unnið að því innan Samherja að birta tölvupósta sem og önnur gögn sem eiga að draga upp aðra mynd af starfsemi Samherja í Namibíu en umfjöllun Kveiks og Stundarinnar hefur gert.

Kristinn segir í yfirlýsingu að hann hafi tekið ákvörðun um að sigta út úr gögnunum atriði sem hann taldi óþarft að birta, þar á meðal pósta sem varða persónuleg mál. Einnig sé mögulegt að einhverjir póstar hafi ekki hlaðist niður við uppfærslu af móðurtölvu Samherja á sínum tíma.

Segir Kristinn ekkert því til fyrirstöðu að birta afganginn af póstunum, vill hann þó fyrst ganga úr skugga um að Björgólfur hafi stuðning og heimild til að leggja fram slíka hvatningu.

Ekki náðist í Björgólf Jóhannsson áður en blaðið fór í prentun. – **ab**

Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks.

Síðasti helgileikurinn

Síðustu litlu jólin voru haldin í Kelduskóla Korpu nú fyrir helgi. Léku börnin helgileik fyrir foreldra og aðra nákomna. Verða þetta síðustu jól krakkanna í skólanum en honum verður lokað í vor og munu börn í Staðarhverfi fara í skóla í Grafarvogi næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Störfum fækkar einnig í iðnaði

VIÐSKIPTI Störfum fækkar í nær öllum greinum atvinnulífsins, þar á meðal í iðnaði. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins á þróun mála í hagkerfinu. Alls fækkar störfum í 22 af 29 geirum atvinnulífsins samkvæmt flokkun Hagstofunnar.

Atvinnuleysi var 4,1 prósent í nóvember. Það mældist 2,5 prósent í sama mánuði í fyrra.

Alls mældist 3,7 prósenta samdráttur í fjölda launþega í framleiðsluiðnaði, að fiskvinnslu undanskilinni, í október. Þá mældist 2,8 prósenta samdráttur í mannvirkjagerð og 2,6 prósenta samdráttur í hugverkaiðnaði.

Birtist samdrátturinn meðal annars í auknu atvinnuleysi sem mælist 4,1 prósent í nóvember síðastliðnum samanborið við 2,5 prósent á sama tíma í fyrra. – **ab**

Steinunn með gigg um allan bæ á aðventunni

Margir þekkja Steinunni Ásu Þorvaldsdóttur af sjónvarpsskjánum en hún er einn stjórnenda verðlaunaþáttarins Með okkar augum. Steinunn hefur síðastliðin ár sungið víðs vegar um borgina og segir sönginn mikilvægan lífskraft.

SAMFÉLAG „Ég söng fyrst opinberlega þegar ég var sextán ára. Þá söng ég í Gettu betur og uppgötvaði bæði að ég gæti sungið og að ég elskaði það," segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, sjónvarps- og söngkona.

Steinunn hefur lengi verið á sjónvarpsskjáum landsmanna sem þáttastjórnandi í Með okkar augum sem sýndur er á RÚV. Hún hefur síðastliðin tvö ár sungið víðs vegar um höfuðborgina og segir sönginn mikilvægan kraft í lífi sínu.

„Þegar ég varð 35 ára hélt ég tónleika með mikilli hjálp frá vinum og vandamönnum. Þessir tónleikar voru eins og rússíbanaferð sem var byrjunin á einhverju miklu stærra og þannig var það," segir Steinunn.

„Stuttu síðar vatt þetta upp á sig og ég hef verið að syngja alveg helling. Nú í desember hef ég svo verið að gigga út um allt. Til dæmis í Fríkirkjunni í Hafnarfirði og úti í kuldanum á Skólavörðustígnum," segir Steinunn en um síðastliðna helgi söng hún fyrir utan Ófeig gullsmiðju ásamt Guðmundi Annasi Árnasyni eða Mumma eins og hann er kallaður.

„Ég hef unnið mikið með Mumma vini mínum að þessu verkefni en hann hjálpaði mér líka mikið með afmælistónleikana í fyrra og á mikið hrós skilið. Það var dásamlegt að syngja með honum á Skólavörðustígnum. Ég bara klæddi mig vel og naut þess að vera úti. Það er svo jólalegt og kósí í miðbænum á þessum tíma," segir Steinunn.

„Ég veit ekkert hvaðan söngurinn kemur eða hvaðan ég hef þessa hæfileika til þess að gera þetta svona vel en ég veit að ég hef ótrúlega mikið af fólki í kringum mig sem hvetur mig áfram og hjálpar mér," segir Steinunn. „Ég á svo mikið af söngelskum vinum sem miðla sinni reynslu til mín og ég tek þeirra leiðsögn. Svo hef ég líka trú á sjálfri mér og það er lykilatriði," bætir hún við.

Steinunn Ása segir lykilatriði að hafa trú á sjálfri sér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég veit ekkert hvaðan söngurinn kemur eða hvaðan ég hef þessa hæfileika til að gera þetta svona vel.

Steinunn segist njóta þess að syngja allan ársins hring en þó sérstaklega í desember. „Ég held að þjóðfélagið okkar þurfi að læra að slaka á í desember. Það er allt of mikið stress og kvíði hjá mörgum og ég held að söngurinn geti verið hughreystandi fyrir bæði þá sem eru stressaðir og þá sem finna fyrir einmanaleika. Ég held líka að ef fólk er til dæmis að labba í bænum og heyrir söng þá geti hann haft róandi áhrif," segir hún.

„Mér finnst ég eiginlega ekki hafa getað fengið betri lífsgjöf en þetta og ég tel að söngurinn sé mikilvægasta kraftaflið okkar. Fólki líður betur þegar það syngur, alveg sama hvort það er í harmi eða gleði og allir geta sungið," segir Steinunn að lokum. **birnadrofn@frettabladid.is**

Við erum

5 ÁRA

NÚ Í DESEMBER
FÖGNUM VIÐ 5 ÁRA AFMÆLI
NORR11 Á ÍSLANDI.

Af því tilefni bjóðum við

20%

afslátt af öllum húsgagna-
pöntunum út desember.

VERIÐ VELKOMIN TIL OKKAR
Á HVERFISGÖTU 18A

HVERFISGATA 18A

NORR11

101 REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Þórdís og Björgólfur spjölluðu um börnin og barnabörnin. Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, atvinnu- og nýsköpunarráðherra segir að tilviljun ein hafi ráðið því að hún og Björgólfur Jóhannesson, forstjóri Samherja, hafi setið saman á Akureyrarflugvelli.

2 Halda jól fyrir þá sem eru einmana eða þurfa á aðstoð að halda. Á Gumma Ben bar býðst þeim sem á þurfa að halda að koma í ókeypis jólamat klukkan sex á aðfangadag.

3 Flutti til Íslands eftir að móðir hans var myrt. Leif Magnús Grétarsson Thisland hafði búið á Íslandi í átta ár en móðir hans var myrt af fyrrverandi unnusta.

4 Vatnaskil í dómsmáli um Söknuð. Mikilvæg tímamót verða í lagastuldarmáli Jóhanns Helgasonar fyrir jól

5 Lögreglan að rannsaka verkunina hjá Hval hf. Stjórnendur Hvals hf. eru sakaðir um að hafa brotið gegn reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

Víða enn verið að nota varaafl

SAMFÉLAG Enn eru nokkrir dagar þar til að rafmagn verði komið í samt lag um allt land en rafmagnslaust varð á nokkrum stöðum um landið í óveðrinu í síðustu viku. Rafmagnstruflanir verða enn víða á landinu.

Rafmagn er komið á hús á flestum stöðum en notast er við varaafl á norðausturhorni landsins, í Fnjóskadal, Hrísey, á Dalvík og víðar á Norðurlandi.

Talsvert hefur verið um bilanir í dreifikerfi Landsnets og eru allir sem keyra á varaafli beðnir um að spara rafmagn eins og kostur er.

Í gær lækkaði Ríkislögreglustjóri viðbúnaðarstig almannavarna úr hættustigi í óvissustig fyrir Norðurland vestra og Norðurland eystra. Hættustigi hefur einnig verið aflýst á Ströndum. **– ab**

Ánægja með málalyktir Skúrsins í Stykkishólmi

VESTURLAND Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt að veitingastaðurinn Skúrinn taki yfir rekstur í gamla húsnæði Olís í Stykkishólmi. Olís var gert að loka eftir samruna fyrirtækisins við Haga, en Hagar reka verslun Bónuss í bænum.

Verslunin Bensó var opnuð eftir að Olís lokaði, þeirri verslun var lokað í september. Skúrinn er í eigu Sveins Arnars Davíðssonar og Arnþórs Pálssonar.

> **Nú eru nýir tímar og breyttar aðstæður og þeir blómstra þarna, strákarnir.**
>
> Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi

Nokkur óánægja var meðal íbúa vegna lokunar Olís og furðuðu sig margir á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

„Þeir Sveinn og Arnþór eru komnir á fullan skrið með sjoppu og matvöruverslun, þetta lítur mjög vel út og það er mikil ánægja með þessa starfsemi," segir Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi. „Vegna þessara breytinga hafa aðrir tekið við húsnæðinu sem þeir voru í áður, þar er núna staður þar sem hægt er að fá sér vín og horfa á bolta. Það er enn ein viðbótin við þá þjónustu hér í bænum."

Jakob er ánægður með málalyktir. „Auðvitað er mikil saga sem fylgir Olís hér í Stykkishólmi og auðvitað ákveðinn missir, maður ólst upp við Olís. Nú eru nýir tímar og breyttar aðstæður og þeir blómstra þarna, strákarnir." **– ab**

Mikið fjármagn safnast upp á eyfirska efnahagssvæðinu

Nánast allir efnahagslegir mælikvarðar sýna gott ástand á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum. Þetta kemur fram í rannsókn Rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Lektor við skólann segir eiginlega sérstakt rannsóknarefni hversu mikið fjármagn hafi nú safnast upp á svæðinu.

AKUREYRI Hagtölur sem varða efnahagsþróun og vinnumarkaðinn á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum sýna jákvæða þróun. Þetta er niðurstaða samvinnuverkefnis Rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, kynnti niðurstöður rannsóknarinnar á haustfundi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, að því er segir í samantekt frá félaginu.

„Samkvæmt nánast öllum efnahagslegum mælikvörðum er gott ástand í öðru stærsta hagkerfi landsins sem Eyjafjarðarsvæðið og Þingeyjarsýslurnar eru og hefur svæðið þróast í jákvæða átt á flestum sviðum síðustu ár," segir atvinnuþróunarfélagið.

Haft er eftir Jóni Þorvaldi að rannsóknin staðfesti það sem fram hafi komið í rannsókn árið 2014 að Eyjafjörður sé ekki láglaunasvæði og að heimili og fyrirtæki búi við góða fjárhagsstöðu.

„Við sjáum að tekjur einstaklinga á raunvirði eru svipaðar því sem gerist annars staðar á landinu, eignir fara vaxandi og skuldir lækkandi. Þannig hefur eigið fé einstaklinga á svæðinu aukist jafnt og þétt frá efnahagskreppunni 2008 og er orðið sambærilegt eða hærra en það var fyrir hana. Þá standa fyrirtæki á svæðinu almennt vel samkvæmt rannsóknninni og hefur fjárhagsstaða þeirra styrkst," er haft eftir Jóni Þorvaldi.

Mun Jón Þorvaldur sérstaklega hafa bent á að eigið fé fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum hafi aukist stöðugt og mikið frá árinu 2008. Það sé eiginlega sérstakt rannsóknarefni.

Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri rannsakaði hagþróun á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Það virðist vera sem að fjármagn sé að safnast upp á svæðinu þar sem við sjáum að eigið fé, bæði fyrirtækja og einstaklinga, fer vaxandi. Fjárfestingargeta ætti því að vera mun meiri núna en áður, sérstaklega hjá fyrirtækjunum. Við það bætist að líklega hefur almenningur aldrei haft jafngóðan aðgang að ódýru lánsfé og nú," er áfram haft eftir lektornum.

Þá segir að fermetraverð húsnæðis hafi stigið jafnt og þétt frá árinu 2014, sérstaklega á Akureyri og Húsavík. Það sé þó talsvert lægra en í Reykjavík. „Bjartsýni virðist ríkjandi sé tekið mið af fasteignamarkaði," er vísað í orð Jóns Þorvalds. Hlutfallslegur munur sé að verða frekar lítill á milli sérbýlis á Akureyri og í Reykjavík. Meiri munur sé þó á verði í fjölbýli.

> **Hefur eigið fé einstaklinga á svæðinu aukist jafnt og þétt frá efnahagskreppunni 2008.**
>
> Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri

Atvinnuleysi er sagt hafa minnkað mikið á svæðinu frá 2008. Það hafi haldist mjög lágt síðustu tvö til þrjú ár samkvæmt rannsókninni.

Ferðaþjónustan hefur verið í vexti og fjölgun orðið á gistinóttum í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum síðustu ár þótt hún hafi verið lítil frá árinu 2016. Stærsta óunna verkið í atvinnugreininni sé að minnka árstíðasveifluna með fjölgun vetrarferðamanna. Er það sagt undirstrika mikilvægi þess að byggja upp Akureyrarflugvöll þar sem hann sé mjög mikilvægur fyrir vetrarferðamennsku.

gar@frettabladid.is

DUX

15% afsláttur
af dúnsængum og koddum

Frábærar gæsadúnsængur og koddar úr hvítum gæsadún.

15% afsláttur
af öllum sængurfatnaði og lökum til jóla

Hágæða sængurfatnaður frá Georg Jensen Damask, Gant Home og DUX.

DUXIANA
Ármúla 10
S-5689950
duxiana.com

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður

Vilja fækkun borgarfulltrúa

REYKJAVÍK Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að fjöldi borgarfulltrúa verði endurskoðaður til að lækka kostnað. Borgarfulltrúum var fjölgað úr 15 í 23 í síðustu kosningum, en 23 er lágmarksfjöldi samkvæmt lögum.

Eyþór Arnalds.

Tillaga um áskorun til Alþingis verður lögð fram á fundi borgarstjórnar í dag.

„Kostnaður við fjölgun borgarfulltrúa er mjög mikill öfugt við það sem haldið var fram. Um er að ræða framkvæmdakostnað upp á meira en hundrað milljónir auk þess sem brúttólaun hafa aukist um helming þegar átta borgarfulltrúar bætast við 15," segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins. **– ab**

Margar breytingar á umferðarlögum um áramótin

SAMGÖNGUR Ný umferðarlög taka gildi um áramótin en þau voru afgreidd á Alþingi í byrjun júní. Góð sátt ríkti um frumvarpið og enginn þingmaður greiddi atkvæði gegn því. Margar breytingar verða gerðar á núverandi löggjöf, skerpt á ýmsu og annað hert.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, er heilt yfir ánægður með löggjöfina, telur hana auka umferðaröryggi í landinu og hafa forvarnargildi. „Umferðin er ekki einkamál okkar, þetta er hættulegasti vettvangurinn í nútímasamfélagi," segir hann.

Nokkrar breytingar eru veigamiklar að mati Runólfs svo sem skilgreining á hringtorgum. „Við teljum líka jákvætt að hækka hjálmaskyldu á reiðhjólum og að skylt verði að hafa ökuljós á allan sólarhringinn. Einnig að skylt verður að nota bílbelti í öllum langferðabifreiðum, innan eða utan þéttbýlis, á vegum þar sem hámarkshraði er meiri en 80 kílómetrar," segir hann.

Spurður um það sem betur hefði mátt fara segir Runólfur að hann hefði viljað sjá tekið á afskriftum hraðasekta erlendra ferðamanna úr myndavélum. Í upprunalega frumvarpinu voru ákvæði um hlutlæga ábyrgð bifreiðaeigenda, sem í þessum tilvikum eru í langflestum tilvikum bílaleigur, en voru þau felld út í meðferð þingsins. Samtök Ferðaþjónustunnar lögðust mjög gegn þessu, sögðu að þetta myndi kosta bílaleigurnar hundruð milljóna króna sem ekki væri hægt að velta út í verðlagið.

Ökumenn þurfa að vera viðbúnir um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Umferðin er ekki einkamál okkar. Þetta er hættulegasti vettvangurinn í nútímasamfélagi.**
>
> Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB

Um 95 prósent hraðasekta erlendra ferðamanna eru ógreiddar og kostnaðurinn á þriðja hundrað milljónir á ári. Runólfur segir að hægt sé að innheimta þessar fjárhæðir. „Í flestum tilfellum er fólk búið að gefa upp greiðslukortanúmer. Þegar það kemur innheimta frá lögreglu getur alþjóðlegt greiðslukortafyrirtæki ekki hafnað þeirri greiðslu," segir hann. „Þetta er ákveðinn framgangsmáti sem þekkist í nágrannalöndum okkar sem var fallið frá að fara í hér."

kristinnhaukur@frettabladid.is

Mótfallin því að húsið sé gefið Oddafélaginu

Fulltrúar minnihlutans í sveitarstjórn Rangárþings ytra lýsa sig andvíga tillögu meirihlutans um að gefa Oddafélaginu íbúðarhús sem sveitarfélagið keypti. Oddafélagið vinnur að endurreisn Odda sem menningarseturs.

RANGÁRÞING YTRA „Fulltrúar Á-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra telja ekki rétt að sveitarfélagið gefi fasteign í eigu sveitarfélagsins," segir í bókun fulltrúa minnihlutans í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Tilefni bókunarinnar var tillaga meirihluta sjálfstæðismanna í sveitarstjórninnni um að Rangárþing myndi gefa svokölluðu Oddafélagi íbúðarhús í Langekru sem sveitarfélagið keypti af ríkinu. Oddafélagið er samtök áhugamanna um endurreisn menningar- og fræðaseturs að Odda á Rangárvöllum að því er segir á heimasíðu félagsins.

Tiilagan um að gefa Oddafélaginu húsið var lögð fram á síðasta fundi sveitarstjórnar. Samkvæmt henni á Oddafélagið að lagfæra og síðan nýta húsið sem aðstöðu til að efla Odda á Rangárvöllum sem miðstöð menningar á ný. Meðal verkefna sem þegar séu komin af stað í þessum tilgangi sé Oddarannsóknin, Fornleifaskóli barnanna, Þjóðleiðin um Odda, Oddahátíð og Fróðasetur í Odda.

„Húsið er afhent Oddafélaginu í þeim tilgangi að leggja rækt við Oddastað og halda þannig á lofti sögu okkar Rangæinga og vöggu menningar – okkar þekktasta höfuðbóli," segir í tillögunni. Íbúðarhúsið á Langekru er byggt 1950, er 90 fermetrar og 24 milljóna króna virði samkvæmt fatseignamati. Húsið stendur skammt frá Odda.

Fulltrúar minnihluta Á-listans létu bóka á fundinum að eðlilegra væri að gera samning við Oddafélagið – líkt og samningur sé um Brúarlund við Ungmennafélagið Merkihvol – um vörslu hússins í Langekru og jafnvel frí afnot Oddafélagsins gegn því að félagið sjái um viðhald eignarinnar.

„Sveitarfélagið styrkir Oddafélagið í gegnum Héraðsnefnd Rangæinga, en fyrirhugað er að héraðsnefnd styrki Oddafélagið um alls 30 milljónir króna árin 2018 til 2020," bókuðu fulltrúar Á-lista og bættu við að þeir styddu „enn sem áður hugmyndir um uppbyggingu Oddastaðar" og þökkuðu Oddafélaginu fyrir gott starf í þágu staðarins.

Afgreiðslu málsins var frestað til næsta fundar sveitarstjórnarinnar.

Oddaverjar léku stórt hlutverk í atburðarás Sturlungaaldar, sem gjarnan er sögð vera ofbeldisfyllsti tími Íslandssögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Húsið er afhent Oddafélaginu í þeim tilgangi að leggja rækt við Oddastað og halda þannig á lofti sögu okkar Rangæinga og vöggu menningar.**
>
> Úr tillögu meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra

Oddafélagið var stofnað árið 1992. „Flestum ber saman um að Oddi á Rangárvöllum hafi verið vagga íslenskrar menningar og fræða á elleftu og tólftu öld. Hann var mennta- og uppeldisstofnun höfðingjastéttar og vísindamanna í sagnfræði, lögfræði, fornfræði og bókmenntum, auk þess að vera miðstöð fyrir evrópska hámenningu á miðöldum á Íslandi," segir í grein Friðriks Erlingssonar sem lögð var fram sem fylgiskjal með tillögunni.

Formaður Oddafélagsins er Ágúst Sigurðsson. Verndari félagsins er Vigdís Finnbogadóttir og heiðursfélagar eru Þór Jakobsson, fyrrverandi formaður Oddafélagsins, Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri í Gunnarsholti, og Þórður Tómasson, fyrrverandi safnvörður í Skógum.

gar@frettabladid.is

ht.is

NESCAFÉ Dolce Gusto

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

JÓLATILBOÐ!

Jólakaupauki!

After Eight jólaaskja fylgir á meðan birgðir endast!

Allar Dolce Gusto kaffivélar á jólatilboði
Fjölbreytt úrval af sjálfvirkum kaffivélum fyrir Dolce Gusto kaffihylki - **Allt að 30% afsláttur**

LG

JÓLATILBOÐ!

ALLT AÐ 22% AFSLÁTTUR

LG 8200 línan frá LG
Glæsileg NanoCell UHD snjallsjónvörp með skýrari litum og betri mynd frá öllum sjónarhornum.

49" Tilboð	55" Tilboð	65" Tilboð
119.995	**139.995**	**189.995**
Áður 129.995	Áður 179.995	Áður 229.995

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!
VERSLANIR UM LAND ALLT

Hollari djúpsteiking, án olíu. Margar gerðir.
Verð frá 8.995

MELISSA
PHILIPS

NÝTT!

KENWOOD
Kenwood bílamyndavélar
Verð frá 9.995

NÝTT!

Ariete
Ný og stórglæsileg kaffivél
Verð 69.995

20% AFSLÁTTUR

JÓLATILBOÐ!
Gæða örbylgjuofnar frá Sharp.

SHARP

PHILIPS

Dagsbirtuvekjarar - tilvalin jólagjöf!
Verð frá 10.995

MEDISANA

Heilsu- og nuddvörur í miklu úrvali!

Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

Rómversk leirker lík þeim sem fundust á hafsbotni. NORDICPHOTO/GETTY

Fundu skipsflak frá fyrstu öld

GRIKKLAND Fornleifafræðingar við Háskólann í Patras í Grikklandi hafa fundið stærsta skipsflak Rómverja sem fundist hefur í austanverðu Miðjarðarhafi. Flakið er 35 metra langt og fannst með hjálp sónartækni á vesturströnd Grikklands.

Lítið er eftir af skipinu en farmurinn, um 6 þúsund leirker, er tiltölulega heill. Skipið er það fjórða stærsta frá þessu tímabili mannkynssögunnar sem fundist hefur í Miðjarðarhafi, en flest skip á þessum tíma voru í kringum 15 metra löng.

„Flutningaskipið, sem liggur á sjávarbotninum, gefur okkur kost á því að kortleggja betur flutningaleiðir, verslun og skipasmíði frá þessum tímabili," segir George Ferentinos hjá Háskólanum í Patras.

Flakið er stutt frá höfninni í þorpinu Fiskardo. Telja fornleifafræðingarnir að þetta gefi til kynna að höfnin hafi gegnt mikilvægu hlutverki á fyrstu öld. – ab

Mótmælt í Beirút

Mótmælandi í Beirút í Líbanon hljóp fram hjá brennandi tjaldi eftir að lögregla beitti táragasi og háþrýstidælum. Mótmælt var annan daginn í röð á torgi píslarvottanna eftir að tilkynnt var að Saad Hariri myndi halda áfram sem forsætisráðherra. Óánægja og mótmæli hafa verið í landinu frá því í október þegar tilkynnt var um skattahækkanir. Snýr óánægjan helst að valdastéttinni og er kallað eftir auknu gagnsæi. NORDICPHOTO/GETTY

Langþráð atkvæðagreiðsla á morgun

Fulltrúadeildin greiðir atkvæði á morgun um hvort Trump verður ákærður fyrir misnotkun valds og fyrir að hindra starf þingsins. Skýrsla þingnefndar um rök fyrir ákærum var birt í gær. Bandaríska þjóðin skiptist í hnífjafnar fylkingar í afstöðu sinni til málsins.

BANDARÍKIN Krafa Trumps til forseta Úkraínu um rannsókn á viðskiptum Hunters Biden þar í landi á meðan beðið var með hernaðarstuðning frá Bandaríkjunum fullnægir skilyrðum til þess að teljast bæði stjórnskipuleg og refsiverð mútubrot. Þetta er mat meirihluta réttarfarsnefndar fulltrúaþings Bandaríkjanna, sem birti í gær skýrslu til stuðnings ákæru á hendur forsetanum sem afgreidd var út úr nefndinni fyrir helgi.

Skýrslan er rúmlega 650 síður og undir hana ritar formaður nefndarinnar, Jerrold Nadler, og aðrir þingmenn Demókrata í nefndinni. Álit Rebúblikana sem eru í minnihluta í nefndinni fylgir skýrslunni.

Nefndin leggur til að forsetinn verði ákærður í tveimur liðum. Annars vegar leggur meirihluti nefndarinnar til að forsetinn verði ákærður fyrir misnotkun valds. (e. abuse of power). Um þann lið segir meðal annars í skýrslunni að ekki leiki vafi á glæpsamlegu eðli þess greiða sem forsetinn bað forseta annars ríkis um, enda hafi sá greiði haft gríðarlegt vægi fyrir hann persónulega. Hann hafi látið sína persónulegu hagsmuni ráða stjórnvaldsákvörðunum sínum um hernaðaraðstoð til annars ríkis. Jafnvel þótt refsivert athæfi sé ekki nauðsynlegt til dóms um embættismissi leiki ekki vafi á að umrætt athæfi forsetans sé refsivert.

Hins vegar leggur nefndin til að forsetinn verði ákærður fyrir að hindra starfsemi fulltrúaþingsins (e. obstruction of congress) með fyrirskipunum um að opinberir starfsmenn og embættismenn sinntu í engu formlegum stefnum til að bera vitni fyrir þingnefndum meðan rannsókn á embættisbrotum forsetans stóð yfir á vettvangi fulltrúadeildar bandaríska þingsins. Forsetinn hafi gefið umræddar fyrirskipanir þvert á lög og án réttlætingar.

Nadler og Collins eru æðstu fulltrúar réttarfarsnefndar þingsins hvor fyrir sinn flokk. NORDIC PHOTOS/GETTY

> **Það er alveg eins og yfirheyrslurnar hafi aldrei farið fram**
>
> Lee Miringoff,stjórnandi hjá Marist Gollege stofnuninni um almennings álit (e. Institute for Public opinion)

Í skýrslunni segir að sameiginlega lýsi ákæruliðirnir tveir því hvernig Donald Trump hafi sett sína persónulegu og pólitísku hagsmuni ofar öryggi þjóðarinnar, frjálsum kosningum og réttarríkinu. Forsetinn stundi kerfisbundin embættisbrot og muni ekki láta af þeim sjálfviljugur. Þar af leiðandi þurfi að fjarlægja hann úr embætti.

Samkvæmt bandarískum miðlum er stefnt að atkvæðagreiðslu í fulltrúadeild þingsins á morgun. Aðeins einfaldan meirihluta þarf til og þar sem Demókratar hafa meirihluta í fulltrúadeildinni er gert ráð fyrir að samþykkt verði að stefna forsetanum til embættismissis. Þá fer málið til öldungadeildarinnar sem réttar yfir forsetanum og þar eru Rebúblikanar í meirihluta.

Sjálfur hyggst forsetinn verja deginum sem atkvæðagreiðslan í þinginu fer fram til kosningabaráttu en hann undirbýr nú baráttufund í Michigan á morgun. Hann sigraði Hillary Clinton naumlega í fylkinu í síðustu kosningum og er fylkið talið mjög mikilvægt fyrir gengi Repúblikana í kosningunum á næsta ári.

adalheidur@frettabladid.is

Bandaríska þjóðin klofin í tvær fylkingar

Samkvæmt nýrri könnun opinberu útvarpsstöðvarinnar NPR (e. National Public Radio) skiptist bandaríska þjóðin í hnífjöfn lið, með og á móti því að forsetinn verði ákærður. Aðeins eitt prósent skilur liðin að en 47 prósent styðja ákærur á hendur forsetanum á meðan 48 prósent eru andsnúin því. Viðhorf almennings hafa ekkert breyst frá síðustu könnun þrátt fyrir að hvert vitnið á fætur öðru hafi borið vitni hjá þingnefndum fulltrúadeildarinnar sem hafa haft mál forsetans til rannsóknar þær vikur sem liðið hafa milli kannana og mikið af nýjum upplýsingum komið fram skaðlegar forsetanum. Lee Miringoff, sem stýrir framkvæmd kannana fyrir NPR, sagði hinar nýju upplýsingar ekki hafa gert annað en að auka staðfestu fólks í skoðunum sínum. „Það er alveg eins og yfirheyrslurnar hafi aldrei farið fram."

Tekur gagnrýni á texta Fairytale of New York ekki alvarlega

TÓNLIST Shane MacGowan, söngvari þjóðlagapönksveitarinnar The Pogues, kom nýlega fram í viðtali og varði texta jólalagsins Fairytale of New York. „Mér hefur verið sagt að þetta móðgi samkynhneigt fólk. Ég skil það ekki. Enginn í bandinu tekur þessa gagnrýni alvarlega," sagði MacGowan.

Fairytale of New York kom út árið 1987 og er meðal best þekktu jólalaga samtímans. Lagið er dúett sem MacGowan söng með þjóðlagasöngkonunni Kirsty MacColl, sem lést sviplega á Kúbu árið 2000. Í hverjum desember má sjá lagið rjúka upp vinsældalistana og smáskífan hefur farið í þrefalda platínusölu.

Mér hefur verið sagt að þetta móðgi samkynhneigt fólk. Ég skil það ekki. Enginn í bandinu tekur þessa gagnrýni alvarlega.

Shane MacGowan söngvari The Pogues

Texti lagsins er nokkuð grófur, enda fjallar hann um raunir ógæfufólks, en aðdáendum lagsins finnst textinn einmitt vera sjarminn við það. Lína MacColl, „You scumbag, you maggot, you cheap lousy faggot", er hápunktur lagsins, lína sem allir þekkja.

Reynt hefur verið að fá lagið bannað, til að mynda á þessu ári hjá BBC. „Er þetta það sem við viljum að börnin okkar syngi í aftursætinu í bílnum?" spurði útvarpsmaðurinn Alex Dyke. „Mér finnst að jólalög ættu að fjalla um spennt börn, leikföng, jólatré, skíðakofa, hreindýr, jólasveininn, fjölskylduna, frið á jörð og ást. Fairytale of New York er hins vegar virkilega andstyggilegt lag."

Fairytale of New York kom út árið 1987 og er meðal best þekktu jólalaga samtímans.

MacGowan lætur sér fátt um svona gagnrýni finnast. „Hún (persóna MacColl) á ekki að vera indæl, og ekki einu sinni heil. Hún er kona af ákveðinni kynslóð á ákveðnum tíma í sögunni. Hún er á vondum stað og örvæntingarfull," sagði hinn rúmlega sextugi MacGowan sem er nú bundinn við hjólastól eftir áratuga óreglu. **– khg**

Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands. NORDICPHOTOS/GETTY

Hvetur þjóðina til stillingar

INDLAND Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, hefur hvatt landsmenn til að sýna stillingu í kjölfar fimm daga mótmæla. Mótmælin beinast að nýjum lögum sem heimila veitingu ríkisborgararéttar til innflytjenda annarra en múslima frá Bangladess, Pakistan og Afganistan, löndum þar sem múslimar eru í meirihluta.

Stjórnarandstaðan hefur sakað ríkisstjórnina um að skapa spennu í landinu.

„Enginn Indverji hefur neitt að óttast vegna þessara laga. Þessi lög eru einungis fyrir þá sem hafa þurft að glíma við ofsóknir utan landsins og hafa engan annan stað til að fara á," sagði Modi.

Sex hafa látið lífið í mótmælum í Nýju-Delí, Mumbaí, Hyderabad og Kolkata. Minnst fimmtíu eru slasaðir. **– ab**

Heydrich hefur hvílt í ómerktri gröf.

Gröf Heydrichs opnuð í óleyfi

ÞÝSKALAND Lögreglan í Berlín í Þýskalandi leitar nú óprúttinna aðila sem opnuðu gröf fjöldamorðingjans alræmda Reinhards Heydrich. Heydrich var ríkisstjóri nasista í Tékklandi í síðari heimsstyrjöld og einn helsti arkitekt helfararinnar. Hann var myrtur af tékkneskum útsendurum árið 1942 og hefur hvílt í ómerktri gröf frá stríðslokum.

Upp komst um málið á fimmtudaginn í síðustu viku þegar starfsmenn kirkjugarðsins urðu varir við að gröfin var opin. Að sögn lögreglu voru engin bein fjarlægð. Athæfi af þessu tagi varðar við lög í Þýskalandi.

Enginn er grunaður enn sem komið er og því óvíst hver tilgangurinn var. **– ab**



Menntaverðlaun atvinnulífsins 2020

Óskað eftir tilnefningum

Menntaverðlaun atvinnulífsins verða afhent í Hörpu miðvikudaginn 5. febrúar 2020. Óskað er eftir tilnefningum um fyrirtæki sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála fyrir 23. desember nk.

Verðlaun eru sem fyrr veitt í tveimur flokkum, menntafyrirtæki og menntasproti ársins 2020, en fyrirtæki sem tilnefnd eru verða að uppfylla ákveðin viðmið.

Helstu viðmið fyrir menntafyrirtæki ársins eru:
- að skipulögð og markviss fræðsla sé innan fyrirtækisins
- að sem flest starfsfólk taki virkan þátt
- að haldið sé utan um mælikvarða í fræðslumálum
- að hvatning sé til staðar til frekari þekkingaröflunar

Helstu viðmið vegna menntasprota ársins eru:
- að lögð sé stund á nýsköpun í menntun og fræðslu, innan fyrirtækis og/eða í samstarfi fyrirtækja,
- samstarf fyrirtækja og samfélags um eflingu fræðslu, innan sem utan fyrirtækja.

Fyrirtækjum er velkomið að tilnefna sig sjálf en skýr og skipulögð gögn hjálpa dómnefnd að meta verkefni. Vinsamlega skilið greinargerð, að hámarki þrjár A4 blaðsíður þar sem rökstutt er hvers vegna viðkomandi fyrirtæki er tilnefnt og hvernig það uppfyllir viðmiðin sem liggja til grundvallar. Ekki þarf að senda eða prenta fylgiskjöl.

Tilnefningar sendist í tölvupósti á verdlaun@sa.is – eigi síðar en mánudaginn 23. desember nk.
Ekki er tekið við tilnefningum eða gögnum eftir þann tíma.

Verðlaunin verða veitt á Menntadegi atvinnulífsins 5. febrúar 2020 en þetta er í sjöunda sinn sem dagurinn er haldinn.

SAF · Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi · SFF Samtök fjármálafyrirtækja · SI · Samorka · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu · SA

Kosningasigrar

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Það er ekki rétt að draga úr lýsingum á stórsigri Íhaldsflokksins í þingkosningum í Bretlandi og þeim þingmeirihluta sem flokkurinn hefur ekki notið síðan á tímum Margaret Thatcher á níunda áratugnum. Þetta var meiri sigur en bjartsýnustu Íhaldsmenn þorðu að ætla.

Kannski liggur niðurstaða kosninganna meira í tapi Verkamannaflokksins en sigri Íhaldsflokksins. Um helgina greindi YouGov kannanafyrirtækið frá því að 51 prósent Breta sagði kosninganiðurstöðunum vera betur lýst með tapi Verkamannaflokksins á meðan 37 prósent sögðu niðurstöðurnar lýsa sigri Íhaldsmanna. Mikil er ábyrgð sósíalistaforingjans Jeremys Corbyn.

Ekki verður heldur dregin fjöður yfir þá staðreynd að sigur Íhaldsmanna byggir á afleitu kosningakerfi sem ekki endurspeglar endilega vilja þjóðarinnar. Frjálslyndir demókratar fengu 11,5 prósent atkvæða en vegna kosningakerfisins fá þeir einungis 1,7 prósent þingsæta. Og 1,2 prósenta aukning á fylgi Íhaldsmanna færði þeim stórsigur og meirihluta þingsæta.

Samfélagsþróun leikur hér einnig hlutverk. Boris Johnson hefur notið sömu lýðþróunar og við höfum séð í fylgi Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Íhaldssöm afstaða byggð á menningaráherslum getur tryggt samstöðu ríkra og efnaminni kjósanda. Fullveldi, byssur eða draumar um horfið heimsveldi er stundum sterkara samkenni en stéttabarátta.

Á sama tíma sjáum við í könnunum að það dregur úr flokkshollustu Breta. Menn skilgreina sig fremur með eða á móti aðildinni að Evrópusambandinu.

Það ætti að draga aðeins úr Þórðargleði þeirra sem vildu sjá Breta úr Evrópusambandinu að meirihluti Breta kaus í síðustu viku flokka sem ýmist studdu áframhaldandi aðild að sambandinu eða vildu fá aðra atkvæðagreiðslu um aðild.

Þessi stuðningur Breta við evrópska samvinnu kom einnig í ljós þegar YouGov spurði þá hvort þeir væru fylgjandi áframhaldandi frjálsri för innan Evrópu, það er áframhaldandi rétti annarra Evrópubúa til að koma og búa og starfa í Bretlandi, í skiptum fyrir að þeir geti starfað í Evrópusambandinu. Alls vildu 56% áfram frjálsa för innan Evrópu en einungis 28% Breta voru því andvíg.

Stórsigur Skoska þjóðarflokksins með Nicola Sturgeon í fararbroddi er byggður á kröfunni um sjálfstæði og áframhaldandi aðild að innri markaði Evrópu. Hún segir kjósendur í Skotlandi hafa sagt nei við Brexit og gert ljóst að Skotar vildu halda á framtíð sinni í eigin höndum.

Boris Johnson forsætisráðherra, sem lofaði stuðningsmönnum sínum að sameina þjóðina, er auðvitað andvígur annarri þjóðaratkvæðagreiðslu Skota. Sturgeon svaraði strax og sagði að það að neita Skotum um að kjósa um eigið sjálfstæði sýni fyrirlitningu á lýðræði og efli enn frekar sjálfstæðissinna.

Áhugamenn um stjórnmál bíða því spenntir eftir þingfregnum úr Holyrood í Edinborg.

Meirihluti Breta kaus í síðustu viku flokka sem ýmist studdu áframhaldandi aðild að Evrópusambandinu eða vildu fá aðra atkvæðagreiðslu um aðild.

Simaveski.is

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Halldór



Frá degi til dags

Svangi huldumaðurinn

Þegar allir héldu að stóra andalærismálið væri búið þá dúkkaði upp fundargerð úr ráðhúsinu þar sem borgarfulltrúar skiptust á að bóka um hver borðaði flestar endur. Góða fólkið spilaði fram kexi, dýrari máltíðum á Múlakaffi en á Hlöllabátum, misheppnuðum útreikningi og fólki sem snæðir með borgarfulltrúunum. Vigdís Hauks sagðist aldrei hafa séð neinn borða með sér, hvað þá kex, það hefði þá verið svangur huldumaður.

Umferðarlögin

Ný umferðarlög taka gildi um áramótin. Nei, það verður ekki farið aftur yfir í vinstri umferð og bílbelti gerð valkvæð. Það verður hins vegar bannað að kasta rusli út um gluggann, skoða símann á hjóli og keyra eftir einn pilsner. Breytingarnar eru ekki bara leiðindi, heldur verður heimilt að keyra á 110 á sumum vegum.

Ekki er tekið á öðru í lögunum eins og ævilangri ökuleyfissviptingu þeirra sem kunna ekki með nokkru móti að gefa stefnuljós. Ekki er heldur að finna bann við að fara yfir á gatnamótum í miðri traffík án þess að hafa pláss hinum megum. Svo má áfram hlusta á heilagrillandi útvarpsstöðvar undir stýri, þið vitið alveg hvaða stöð. arib@frettabladid.is

Pattstaða í Laugardal?

Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Grundvallarforsenda fyrir uppbyggingu og rekstri slíkra mannvirkja er samnýting, að þau séu í notkun sem flesta tíma dagsins.

Íbúafjölgun á starfssvæði Þróttar verður á næstu árum að minnsta kosti sjö þúsund manns, meðal annars með tilkomu Vogabyggðar og annarra þéttingarreita í nágrenni Laugardals. Knattspyrnudeildin er orðin sú fjölmennasta í Reykjavík, Langholtsskóli fjölmennasti skólinn og hratt fjölgar í öðrum skólum í hverfinu. Þannig má öllum vera ljóst að ráðast þarf í uppbyggingu á svæðinu.

Iðkendum hjá Þrótti hefur fjölgað um 70% á síðustu fimm árum og félagið getur ekki með góðu móti tekið á móti fleiri börnum í knattspyrnu yfir vetrartímann. Samningar um nýtingu Laugardalshallar hafa ekki staðist svo æfingar í handbolta og blaki falla alltof oft niður. Það þýðir að vísa þarf börnum frá, sem þurfa þá að stunda slíkar íþróttir í öðrum hverfum eða sleppa því. Þróttarar hafa lagt til uppbyggingaráætlun sem birt hefur verið borgarráði. Félagið hefur boðað samráð við skólana í hverfinu um nýtingu á íþróttahúsi en engin íþróttaaðstaða er við Laugalækjarskóla og lítill salur við Laugarnesskóla. Grundvallarforsenda fyrir uppbyggingu og rekstri slíkra mannvirkja er samnýting, að þau séu í notkun sem flesta tíma dagsins.

Starfshópur á vegum borgarinnar, sem ég sjálf sit í, komst að þeirri niðurstöðu að uppbygging aðstöðu fyrir Þrótt og Ármann væri brýnni en önnur uppbygging í Laugardalnum og æskilegt væri að hefja skipulagsvinnu og rýni á rekstrarforsendum á svæðinu. Ekki er að sjá að þetta sjónarmið hópsins hafi skilað sér inn í fimm ára fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Þrátt fyrir að talað sé um að greina þörf á aðstöðu fyrir börn og unglinga í Laugardal í meirihlutasáttmálanum, segir meirihlutinn í borgarstjórn nú að ekki sé hægt að leysa úr aðstöðuvanda í Laugardal fyrr en hinn flókni kapall um þjóðarleikvanga leystist. Enginn veit hversu langan tíma það mun taka, á meðan skulu íbúar Laugardals bíða og sætta sig við mun lakari aðstöðu en íbúar annarra hverfa. Borgarstjórinn, sem einnig hefur málefni þjóðarleikvanga á sínu borði, ætti hið minnsta að geta gefið íbúum Laugardals svör um hversu lengi í viðbót þeir þurfa að bíða.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Grænáætlunin

Ursula von der Leyen
forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

Við viljum öll búa við öryggi og vellíðan á þessari plánetu. En mannkynið er í útrýmingarhættu – og nú taka allir eftir því. Skógar fuðra upp frá Ameríku til Ástralíu. Eyðimerkur breiða úr sér í Afríku og Asíu. Hækkandi sjávarmál ógnar evrópskum borgum jafnt sem eyjum í Kyrrahafi. Í sumar var haldin minningarathöfn um Ok, íslenska jökulinn sem hvarf. Mannkynið hefur áður haft pata af álíka fyrirbrigðum, en aldrei á þessum hraða.

Það má engan tíma missa

Vísindin sanna að við getum stöðvað þetta, en tíminn er naumur. Ný framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun ekki sóa einni mínútu. Nú, þegar tvær vikur eru síðan við tókum við stjórnartaumunum, kynnum við vegvísi að evrópskri Grænáætlun okkar (e. Green Deal). Við ætlum að verða fyrsta loftslagshlutlausa heimsálfan fyrir 2050 og draga úr hlýnun jarðar. Þetta er verkefni fyrir okkar kynslóð sem og þá næstu, en breytingarnar þurfa að byrja núna – okkur getur tekist þetta.

Evrópska Grænáætlunin sem við kynntum á miðvikudag er ný vaxtaráætlun Evrópu. Hún mun bæði minnka útblástur, búa til ný störf og bæta lífsgæði okkar. Þessi græni þráður mun ná óslitinn í gegnum alla stefnu okkar – frá ferðamálum til skattamála, frá matvöru til landbúnaðar, frá iðnaði til samgöngumála. Í gegnum Grænáætlunina fjárfestum við í hreinni orku og breytum umhverfis- og auðlindasköttum, en eflum einnig efnahaginn og verndum líffræðilegan fjölbreytileika Evrópu.

Fjárfestingar, tækifæri og aðstoð

Grænáætlunin er nauðsynleg og mun einnig vera hreyfiafl nýrra efnahagslegra tækifæra. Mörg evrópsk fyrirtæki hafa nú þegar grænkað viðskiptahætti sína. Þau eru að minnka kolefnisfótspor sitt og uppgötva græna möguleika í tækni. Þau skilja að plánetan hefur ákveðin þolmörk: evrópsk fyrirtæki vita að við þurfum öll að hugsa vel um sameiginlega heimilið okkar. Þau þekkja einnig tækifærin sem felast í að vera fyrst með sjálfbærar lausnir framtíðarinnar.

Það sem fyrirtæki og frumkvöðlar þurfa frá okkur er auðvelt aðgengi að fjárfestingarmöguleikum. Til þess leggjum við fram Fjárfestingaráætlun um sjálfbæra Evrópu (e. Sustainable Europe Investment Plan). Sjóðurinn mun styðja við fjárfestingar upp á eina trilljón evra næsta áratuginn. Þetta verður gert í samvinnu við Fjárfestingarbanka Evrópu sem kalla má loftslagsbanka Evrópu. Í mars leggjum við svo fram fyrstu

evrópsku loftslagslögin, sem munu kortleggja leiðina fram undan og gera hana óafturkræfa: fjárfestar og frumkvöðlar þurfa skýrar reglur til að skipuleggja langtímafjárfestingar.

Um leið og við leggjum áherslu á betri framleiðsluhætti og neysluhegðun bæði heima fyrir og á vinnustað, þá verðum við þó að vernda þau sem hætta er á að skaðist af slíkum breytingum. Þessar breytingar verða að þjóna öllum, annars þjóna þær engum. Ég vil stofna Umbreytingasjóð (e. Just Transition Fund) sem, ásamt með Fjárfestingarbanka Evrópu og einkaframtaki, getur losað um hundrað milljarða evra á næstu sjö árum. Þannig getum við stutt við bakið á þeim evrópsku svæðum sem stíga þurfa stærstu skrefin, svo ekkert okkar sé skilið eftir.

Vilji fólksins

Um alla Evrópu óska bæði ungir sem aldnir eftir aðgerðum í loftslagsmálum. Þetta fólk er þegar farið að breyta lífsstíl sínum: þau hjóla til dæmis og taka strætó, nota taubleyjur og svo framvegis. Sum fyrirtæki hafna einnota plasti og kynna

Níu af hverjum tíu Evrópubúum vilja afgerandi aðgerðir í loftslagsmálum. Börnin okkar treysta á okkur.

sjálfbærar lausnir inn á markað. Í Reykjavík tekur unga fólkið vikulega þátt í mótmælunum „Föstudagar fyrir framtíðina“. Ríkisstjórn Íslands hefur sett fram metnaðarfulla aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og ákveðið að taka þátt í sameiginlegu markmiði ESB um að uppfylla skuldbindingar Parísarsamkomulagsins.

Níu af hverjum tíu Evrópubúum vilja afgerandi aðgerðir í loftslagsmálum. Börnin okkar treysta á okkur. Evrópubúar vilja að Evrópusambandið þeirra bregðist við heima fyrir og sé leiðandi á alþjóðavísu. Þessa dagana safnast fulltrúar heimsins saman í Madríd fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna til að ræða sameiginlegar aðgerðir til að bregðast við hlýnun jarðar.

Hin evrópska Grænáætlun er svar Evrópu við ákalli fólksins. Hún er samin af Evrópu, fyrir Evrópu, og er framlag Evrópu í átt til betri heims. Allir Evrópubúar geta tekið þátt í umbreytingunni.

11 skot átti **Lionel Messi** á markið. Hann skoraði tvö mörk en skaut tvisvar í tréverkið.

5 leikmenn skoruðu úr tveimur vítaspyrnum. **Erling Braut Haaland**, **Harry Kane**, **Dries Mertens**, **Emil Forsberg** og **Jorginho**.

3 leikmenn skoruðu tvö mörk utan teigs. **Heung-Min Son, Paulo Dybala** og **Alex Oxlade-Chamberlain**.

5 stoðsendingar átti Alsíringurinn **Hakim Ziyech,** leikmaður Ajax. Frakkinn **Corentin Tolisso** lagði upp fimm eins og **Roberto Firmino** og **Riyad Mahrez.**

90 prósent sendinga **Miralem Pjanić,** leikmanns Juventus, rötuðu á samherja. Hann reyndi 534 sendingar og fóru 478 á samherja. Enginn reyndi fleiri sendingar.

11 leikmenn voru með 100 prósent sendingahlutfall en enginn þeirra reyndi fleiri en 10 sendingar. Heimsmeistarinn **Olivier Giroud**, leikmaður Chelsea, reyndi 2 sendingar og tókst að hitta samherja í bæði skiptin.

96 prósent sendinga **Axels Witsel**, leikmanns Dortmund, enduðu hjá samherjum. Hann reyndi 413 sendingar en klikkaði aðeins 17 sinnum.

38 sinnum reyndi **Joshua Kimmich** fyrirgjöf með FC Bayern, en aðeins 5 sinnum hitti fyrirgjöfin á samherja. **Trent Alexander-Arnold**, leikmaður Liverpool, reyndi 37 fyrirgjafir og hitti 10 sinnum sem er sama tölfræði og hjá **Kieran Trippier,** leikmanni Atletico Madrid.

Pólverjinn Robert Lewandowski var í miklu stuði í riðlakeppninni og raðaði inn mörkum. NORDICPHOTOS/GETTY

Robert Lewandowski

10 mörk skoraði Pólverjinn **Robert Lewandowski**, leikmaður FC Bayern, í riðlakeppninni. Norðmaðurinn **Erling Braut Haaland** skoraði átta og Harry Kane sex.

9 mörk Lewandowski komu með hægri fæti.

17 sinnum hitti Lewandowski markið. Lautaro Martínez leikmaður Inter hitti 13 sinnum á markið og Ronaldo 12 sinnum.

16-liða úrslit

Borussia Dortmund	PSG
Real Madrid	Manchester City
Atletico Madrid	Liverpool
Chelsea	Bayern Munchen
Atalanta	Valencia
Lyon	Juventus
Tottenham	Leipzig
Napoli	Barcelona

Fyrri leikirnir fara fram 18., 19., 25., og 26. febrúar. Síðari leikirnir fara fram 10., 11., 17. og 18. mars.

Tölfræði riðlakeppninnar

Dregið var í 16. liða úrslit Meistaradeildarinnar í gær þar sem meðal annars meistararnir í Liverpool etja kappi við Atletico Madrid. Um leið opinberaði UEFA tölfræði riðlakeppninnar þar sem margt skemmtilegt má sjá.

15 sinnum hitti **Kostas Tsimikas,** leikmaður Olympiacos, úr fyrirgjöfum í 25 tilraunum. **Willian** hjá Chelsea hitti 13 sinnum í 36 tilraunum.

76 kílómetra hljóp Tékkinn **Tomáš Souček** í riðlakeppninni og 121 metra meira. Hann var manna duglegastur að hlaupa. Hljóp tveimur kílómetrum meira en Marcelo Brozović, leikmaður Inter, sem varð í öðru sæti.

16 leikmenn fengu reisupassann í riðlakeppninni. Enginn fékk rauða spjaldið tvisvar.

11 sinnum braut **Nikola Moro,** leikmaður Dinamo Zagreb, af sér og var hann grófasti leikmaður riðlakeppninnar. Hann fékk þrjú gul spjöld og eitt rautt. **Julian Weigl,** leikmaður Dortmund, braut 8 sinnum af sér og fékk einnig þrjú gul og eitt rautt.

4 gul spjöld fékk **Steven Nzonzi**, leikmaður Galatasaray, og varð spjaldakóngur riðlakeppninnar.

3 rauð spjöld fékk **Club Brugge** í riðlakeppninni.

21 gult spjald fór á loft til leikmanna **Galatasaray**.

24 mörk skoraði **FC Bayern** í riðlakeppninni eða fjögur mörk að meðaltali í sex leikjum. **Tottenham** skoraði næstflest eða 18, einu marki meira en **PSG**. **Galatasaray** skoraði aðeins eitt mark.

20 mörk fengu **Genk** og **Rauða stjarnan** á sig í riðlakeppninni eða 3,33 að meðaltali.

4.385 sendingar reyndi **Liverpool** eða 58 fleiri en **Manchester City**.

63% var **FC Bayern** með boltann í riðlakeppninni. Tveimur prósentum meira en **Manchester City** og **Liverpool**.

18 mínútur var **Lokomotiv Moskva** að meðaltali með boltann í riðlakeppninni.

48 mörk voru skoruð á síðasta korterinu. 41 mark var skorað á fyrsta korterinu í seinni hálfleiknum.

jeep.is

Í tilefni af þriggja ára afmæli Jeep® umboðsins á Íslandi bjóðum við Jeep® Compass Limited hlaðna lúxusbúnaði á ótrúlegu tilboðsverði

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

AFMÆLISTILBOÐ
5.990.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN

JEEP® COMPASS LIMITED

FULLT VERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 7.424.000 KR. - TILBOÐ: 5.990.000 KR.

- Leðurinnrétting með rafdrifnum sætum
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Hiti í stýri og framsætum
- Íslenskt leiðsögukerfi
- 8,4” upplýsinga- og snertiskjár
- Alpine hljómflutningstæki með bassaboxi
- Sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Aðfellanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma
- Svart þak
- 140 hö. diesel, 9 gíra sjálfskipting
- Select-Terrain fjórhjóladrif með 4 drifstillingum
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Árekstrarvari
- LED dagljós og LED afturljós
- 18” álfelgur
- Blindhorns- og akreinavari
- Fjarlægðarstillur hraðastillir
- Leggur sjálfur í stæði

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA
ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS
ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep®

Landsins mesta úrval af ostum

Franskt

Hagkaups Papriku & chili sulta og Sultaður rauðlaukur
Tilvalið á ostana

verð frá **549** kr/stk

Franskir sælkeraostar í úrvali

verð frá **599** kr/stk

NÝJUNG

Landana bragðbættir ostar

Verð frá **779** kr/stk

NÝJUNG

Veldhuyzen í sneiðum
Edam, Maasdam & Gouda

449 kr/pk

NÝJUNG

Ekta Guinness cheddar ostur

verð frá **549** kr/stk

Agriform ítalskur parmigiano

verð frá **379** kr/pk

Prima Donna
Hollenskur gæða ostur

verð frá **829** kr/stk

Snowdonia cheddar
Margverðlaunaðir ostar frá Wales

verð frá **699** kr/stk

Barnaheill
#STÖÐVUMSTRÍÐGEGNBÖRNUM
Bættu við
100 KR.
Hagkaup jafnar framlagið!

Meira girnilegt

Atlanta cheesecake company
Bakaðar amerískar ostakökur

verð frá **449** kr/stk

NÝJUNG

Joe & Seph´s eftirréttasósur

verð frá **899** kr/stk

Debic ísblanda og Créme Brulée

verð frá **1.099** kr/stk

Pots and co eru eintaklega braggóðir eftirréttir frá Englandi

495 kr/stk

NÝJUNG

Hagkaup ísterta með marengs og Kahlúa kaffisósu

979 kr/stk

HAGKAUP

Meira svona alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

17. DESEMBER 2019 ÞRIÐJUDAGUR

Maðurinn minn,

Guðlaugur Valdimar Eiríksson

trésmiður,
Núpalind 2, Kópavogi,

andaðist á Hrafnistu Boðaþingi 15. desember. Útförin fer fram í kyrrþey.

Þórey Björnsdóttir

Okkar ástkæri pabbi, tengdapabbi, afi, langafi og maðurinn minn,

Ingólfur Helgi Þorláksson

bakari,

lést 4. desember.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 19. desember kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda,

Viðar Ingólfsson
Guðbjörg Emma Ingólfsdóttir
Hjördís Björk Ásgeirsdóttir

Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Viggó Sverrisson

fv. leigubílstjóri,
Kvistavöllum 65,
221 Hafnarfirði,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 13. desember, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 18. desember kl. 15.00.

Ásta Angela Grímsdóttir
Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir **Skúli Pétursson**
Fanney Elínrós Guðmundsdóttir **Gunnar Ellertsson**
Pálmi Grímur Guðmundsson **Bjarney Katrín Gunnarsdóttir**
Sverrir Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

ÞETTA GERÐIST: 17. DESEMBER 1989:

Simpsons-fjölskyldan fór fyrst í loftið

Þáttaröðin um Simpsons-fjölskylduna hóf göngu sína á bandarísku Fox sjónvarpsstöðinni þennan mánaðardag árið 1989. Fyrsti þátturinn var raunar kynningarþáttur og nefndist Simpsons Roasting on an Open Fire. Frá 1987 höfðu birst stuttir þættir um fjölskylduna í spjallþætti Tracy Ullman. Sú ákvörðun að lengja þættina upp í hefðbundna gamanþáttalengd borgaði sig umsvifalaust fyrir Fox því Simpsons sló í gegn og hefur síðan notið vinsælda víða um heim.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona, frænka og afasystir,

Guðlaug Björgvinsdóttir

kennari,
Laufengi 23, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 10. desember.
Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 23. desember klukkan 13.

Þorgeir Örn Tryggvason **Hulda Ósk Bergsteinsdóttir**
Þ. Björgvin Kristjánsson **Matthildur Gestsdóttir**
Kristján Björgvinsson **Hrefna Gunnarsdóttir**
Matthildur Gunnarsdóttir **Jóhann Vignir Gunnarsson**
Björgvin Smári Kristjánsson **Iðunn Elva Ingibergsdóttir**
Gunnhildur Kristjánsdóttir
Hekla Sóley, Snædís Lilja og Friðrik Hrafn

Eiginmaður minn, faðir okkar, afi, sonur, tengdafaðir og tengdasonur,

Jón Björnsson

málarameistari
Álfhólsvegi 67,
Kópavogi,

lést miðvikudaginn 11. desember.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 20. desember kl. 13.00.

Jóhanna A. Logadóttir
Arnór Gauti Jónsson **Björk Jónsdóttir**
Atli Fannar Jónsson **María Rós Gústavsdóttir**
Björn M. Egilsson **Kristín Jónsdóttir**
Logi Magnússon **Árný Þóra Hallvarðsdóttir**
Styrmir Nói Gautason

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýju við andlát og útför

Úlfars Harðarsonar

Straumi, Flúðum,

sem lést 28. nóvember og var jarðsunginn í Hruna. Gleðileg jól.

Guðríður Sólveig Þórarinsdóttir
Hörður Úlfarsson **Anna María Gunnarsdóttir**
Þórarinn Ingi Úlfarsson **Þóra Sædís Bragadóttir**
og fjölskyldur.

Ástkær móðir mín, systir og mágkona,

Alda Björgvinsdóttir

lést þann 8. desember.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 19. desember klukkan 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, þess í stað er bent á líknarfélög.

Gunnar Birnir Jónsson
Glynn Desmier
Steinþór Björgvinsson **Bryndís Gestsdóttir**
Ægir Björgvinsson **Hrönn Sigurðardóttir**
Björn Þ. Björgvinsson **Anna Björg Sigurbjörnsdóttir**
Dóra H. Björgvinsdóttir **Sigurður Einarsson**

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Rúrik Nevel Sumarliðason

húsgagnasmiður,
Vogatungu 33, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 15. desember 2019.
Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn 20. desember klukkan 14.00.

Guðlaug Björnsdóttir
María Rúriksdóttir **Hilmar A. Alfreðsson**
Helena Rúriksdóttir **Jón Pétur Kristjánsson**
Hulda Rúriksdóttir **Lárus Finnbogason**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Sólveig Jónsdóttir

Djúpavogi 18,
Reykjanesbæ,

andaðist á Kvennadeild Landspítalans fimmtudaginn 12. desember.
Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 19. desember klukkan 13.

Ingibjörg Jóna Kristinsdóttir **Þórarinn Ægir Guðmundsson**
Jón Gunnar Kristinsson
Kristín Ásta Kristinsdóttir **Colby Fitzgerald**
Soffía Ósk Kristinsdóttir **Gunnar Ingi Þorsteinsson**
og ömmubörnin.

Elskaður eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Gestur Friðjónsson

fyrrverandi umdæmisstjóri Vinnueftirlits ríkisins á Suðurnesjum,
Kirkjubraut 12, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 8. desember og verður jarðsunginn frá Akraneskirkju fimmtudaginn 19. desember kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

Nanna Jóhannsdóttir
börn, tengdabörn og aðrir afkomendur.

Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

Þorsteinn Ágústsson

bóndi á Syðra-Velli,

varð bráðkvaddur þriðjudaginn 10. desember. Útför hans verður frá Selfosskirkju föstudaginn 20. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hans láti MS-félag Íslands njóta þess, upplýsingar í s. 568 8620 og á www.msfelag.is.

Margrét Jónsdóttir
Ingveldur Þorsteinsdóttir **Andrés M. Haraldsson**
Jón Gunnþór Þorsteinsson **Ágúst Þorsteinsson**

FÓLK

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 17. DESEMBER 2019

Það styttist í hátíð með tilheyrandi veislumat. Væri ekki upplagt að vera á hversdagsnótum dagana fyrir jól og elda eitthvað létt og þægilegt? Hér koma þrjár tillögur að hversdagsmat. ↬6

VEGAN
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ

Fæst í betri apótekum, heilsubúðum og www.heilsanheim.is



Gilbert Ólafur Guðjónsson úrsmiður segir að það sé alltaf gaman í vinnunni og viðskiptavinir eiga kost á að sjá hann að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fagmaður í yfir 50 ár

Gilbert úrsmiður hefur hvatt til bættrar verslunar og þjónustu efst á Laugavegi. Persónuleg þjónusta og góð vöruþekking er aðalsmerki hjá honum. ↬2

Framhald af forsíðu

Ég byrjaði að læra úrsmíði árið 1967. Ég hef rekið úraverslanir á nokkrum stöðum en er búinn að vera hér á Laugaveginum í tæp 40 ár. Hér er mjög gott að vera, og verslunin hérna gengur vel. Við sjáum það ekki síst í íslensku úrunum sem við hönnum og framleiðum sjálfir," segir Gilbert Ólafur Guðjónsson úrsmiður sem rekur verslunina Gilbert úrsmiður að Laugavegi 62. „Mín vinna er hobbýið mitt í leiðinni. Þannig að þegar ég fer í vinnuna á morgnana þá er ég að fara að stunda hobbýið mitt. Það er mikill munur að fara í vinnuna til að skemmta sér. Í vinnunni er bara gaman."

Vönduð vinnubrögð

Gilbert og félagar hanna og framleiða sjálfir vinsæl og vönduð úr undir merkjunum JS Watch co. Reykjavik og ARC-TIC Iceland, en JS úrin eru öll mjög sígild hönnun með mekanískum, handtrekktum eða sjálftrekktum gangverkum, á meðan ARC-TIC Iceland úrin eru með svissneskum Quartz gangverkum. Úrin eru sett saman fyrir framan viðskiptavininn. „Við erum eina íslenska úrafyrirtækið sem framleiðir og setur saman úr. Síðustu fimmtán árin höfum við boðið upp íslensk úr sem við hönnum sjálfir frá a til ö. Við framleiðum parta í verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss og setjum svo úrin saman hérna í höndunum.

Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutir sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nytjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar."

Dýrmætar stundir

Gilbert segir andrúmsloftið á Laugaveginum í aðdraganda jólanna einstakt en það að ganga niður Laugaveginn og skoða í glugga er í hugum margra órjúfanlegur hluti af jólunum. „Hinn eini sanni jólaandi er á Laugaveginum og fyrir marga koma jólin ekki fyrr en þeir hafa tekið jólagöngu niður Laugaveginn," segir Gilbert. „Stemningin er alltaf jafn góð í miðbænum í aðdraganda jólanna en síðustu ár hefur ferðamönnum sem taka þátt í jólagleðinni fjölgað verulega sem bara eykur á stemninguna í bænum."

Það sé ekki síst á Þorláksmessu sem fólk geri sér ferð í bæinn. „Það sem aldrei breytist eru hefðirnar í kringum Þorláksmessu þar sem fólk fer í skötuveislur og nýtir síðan daginn fram á kvöld til að kaupa síðustu jólagjafirnar í einstakri Þorláksmessustemningu sem hefur haldist óbreytt í áranna rás."

Gilbert segir vönduð úr hafa margþætta þýðingu fyrir þá sem eignast eitt slíkt.

Fagmaðurinn er hér að störfum á verkstæði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gilbert úrsmiður býr yfir rúmlega 50 ára reynslu og tekur vel á móti fólki.

> **Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd.**

Sívinsæl jólagjöf

Erlendir ferðamenn streyma stöðugt til Gilberts úrsmiðs allan ársins hring en núna í jólamánuðinum fjölgar mjög Íslendingum í leit að jólagjöfum. Þar býður Gilbert alveg einstakan kost, hin vönduðu og rómuðu ARC-TIC Iceland úr sem kosta frá 29.900 krónum. „ARC-TIC Iceland Retro línan hefur verið mjög vinsæl og er með afar fallegri sígildri hönnun fyrir bæði dömur og herra og fylgir leðuról með úrinu ásamt nato-ól í íslensku fánalitunum, einnig er hægt að fá þau með stálkeðjum."

Gilbert segir að ARC-TIC Iceland úrin séu mjög vinsæl núna jafnt meðal Íslendinga sem útlendinga en hér er klárlega á ferðinni afar góð jólagjöf á sanngjörnu verði. „Nýlega voru kynnt ný módel í bæði JS úrunum og ARC-TIC Iceland úrunum og hefur úrvalið því aldrei verið meira en nú. Nánari upplýsingar um úrin og hönnunina má finna á www.gilbert.is og í verslun okkar á Laugavegi 62 þar sem við tökum vel á móti viðskiptavinum."

Gilbert úrsmiður er til húsa á Laugavegi 62, 101 Reykjavík. Opið verður frá 10 á morgnana og fram á kvöld síðustu daga fyrir jól.

Í verslun Gilberts er að finna einstakt úrval af vönduðum úrum.

Vönduð úr eru tilvalin í jólapakkann og gleðja örugglega viðtakandann.

ARC-TIC úrin eru einstaklega falleg.

Gilbert úrsmiður tekur á móti viðskiptavinum með bros á vör alla daga.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar

Bakpokar frá Osprey
og skór frá AKU

Kestrel 38L
Göngubakpoki
verð 28.990 kr.

Talon 33L
Fisléttur alhliða bakpoki
verð 21.990 kr.

Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
verð 28.990 kr.

Daylite 13L
Léttur bakpoki
verð 9.990 kr.

Aether 70L
Burðarbakpoki
verð 43.990 kr.

Stuff Pack 18L
Léttur, pakkast vel saman
verð 5.490 kr.

Skipulagspokar
fyrir ferðatöskuna
3 saman í pakka
verð 5.190 kr.

Transporter dufflar
verð frá 21.990 kr.

Daylite Waist
Mittistaska
verð 6.490 kr.

Hafðu AKU með í valinu

Opið virka daga: 10.00 - 18.00, laugardag 11.00 - 18.00, og sunnudag 11.00 - 18.00

Alvöru gönguskór / herra / kvenna
AKU SUPERALP GTX **39.990 kr.**

Léttir gönguskór / herra/kvenna
AKU TRIBUTE GTX **27.990 kr.**

Borgarskór / kvenna
AKU RIVA HIGH GTX **27.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning herra/kvenna
AKU ALTERRA GTX **35.990 kr.**

Fjölhæfir gönguskór herra/kvenna
AKU TENGU LOW GTX **29.990 kr.**

Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna
AKU SELVATICA GTX **24.990 kr.**

Lágir gönguskór/borgarskór / herra
AKU CLIMATICA GTX **28.990 kr.**

Lágir gönguskór/borgarskór / kvenna
AKU CLIMATICA SUEDE GTX **26.990 kr.**

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

GG-sport

BYKO

Frost er engin afsökun fyrir hreyfingarleysi og sleni

Líkamsrækt er mikilvæg allt árið. Líka þegar myrkrið og kuldinn skella á yfir dimmustu vetrarmánuðina. Stundum þarf bara hvatningu til að koma sér af stað. Það er best að vera vel undirbúin og finna sér æfingafélaga. Þá eru minni líkur á að láta eftir sér sófahangs og leti.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Ætingar úti við í kulda auka mögulega brennslu. NORDICPHOTOS/GETTY

Þegar dagarnir eru stuttir eins og á þessum árstíma, það er myrkur nánast til hádegis og aftur komið myrkur þegar vinnudegi lýkur auk þess sem snjór liggur yfir öllu og hitatölurnar teygja sig jafnvel langt undir frostmark, þá er mörgum kannski efst í huga að leggjast bara upp í sófa á kvöldin og hjúfra sig undir teppi með rjúkandi kakóbolla í hendi.

Líkamsrækt í myrkri og kulda getur verið áskorun, en með góðu skipulagi og með því að skapa réttar aðstæður getur líkamsrækt úti að vetri til verið mjög árangursrík.

Rannsóknir hafa sýnt að þegar líkaminn hefur aðlagast, geta æfingar í kulda brennt fitu hraðar en í þægilegum hita. Það er vegna þess að svokölluð brún fita virkjast um leið og líkaminn lærir að ná upp hita hraðar. Veturinn gæti því verið ákjósanlegri árstíð til að grennast heldur en útiskokk á hlýrri sumardögum.

Líkamsrækt er líka tilvalin til að sigrast á skammdegisþunglyndi, sem margir Íslendingar kannast við. Það vita eflaust flestir að aukin líkamsrækt getur haft jákvæð áhrif á þunglyndi. Ef tækifæri gefst er sniðugt að nýta þann litla tíma sem bjart er til að fara út að ganga eða skokka, það er til dæmis hægt að nota hádegishléið og fara í röska göngu, þannig er hægt að sækja sér smá D-vítamín frá sólinni, sem er gott fyrir bein, tennur og vöðva.

Mikilvægt að vera vel búin

Að koma sér af stað er oft það sem fólk á erfiðast með. Það getur verið gott að ákveða fyrir fram þann tíma sem á að verja í líkamsrækt. Þá eru meiri líkur á að láta undan freistingunni sem sófinn er. Ef ætlunin er að æfa fyrir vinnu á morgnana er sniðugt að auðvelda sér það eins og mögulegt er með því að hafa æfingafötin og skóna tilbúin kvöldið áður og vinnufötin líka. Einnig er sniðugt að vera búin að plana morgunmatinn kvöldið áður. Þá er fyrirhöfnin lítil um morguninn og minni líkur á að svindla á rútínunni.

Það er mikilvægt þegar líkamsrækt er stunduð utandyra að vetri til að vera vel útbúin. Það er gott að vera í nokkrum lögum af fötum. Oft er mælt með þremur lögum. Best er að innsta lagið sem er næst húðinni andi vel. Þunnur bollur og föðurland úr merínóull eru góður kostur ef kalt er í veðri, einnig eru til gerviefni sem anda vel ef ullin er of heit. Bómull er alls ekki hentug sem innsta lag. Miðlagið þarf að vera einangrandi. Það getur til dæmis verið fatnaður úr flís, ull, dúni eða primaloft. Ysta lagið er oft kallað skel. Skelin verður að vera vatns- og vindheld.

Þegar réttur búnaður er til staðar ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að fara út í frostið og hreyfa sig. Ef hvatningin er ekki enn fyrir hendi er sniðugt að fá einhvern með sér í æfingarnar. Ef búið er að mæla sér mót við æfingafélaga eru minni líkur á að svíkjast um. Æfingafélagi getur líka verið hvetjandi og er góður félagsskapur. Eftir æfingarnar er svo tilvalið að verðlauna sig með ferð í næstu sundlaug þar sem hægt er að slaka á í heita pottinum eða skella sér í gufu.

Eftir góða æfingu úti í kuldanum er gott að fara í heitan pott og slaka á.

HEILSA

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Laugardaginn 28. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.

Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu.
Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.

Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum.
Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 27. desember.
Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi miðvikudaginn 18. desember.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

Atli Bergmann
Sími 550 5657
atlib@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is

KÓSÝDAGUR Í CURVY

ÞRIÐJUDAGINN 17 DESEMBER
OPIÐ FRÁ KL. 11-20 Í VERSLUN
CURVY VIÐ GRENSÁSVEG

Bjóðum viðskiptavinum okkar velkomin í heitt kakó, kósýheit... og ráðgjöf við val á náttfötum.

Náttfatasett
6.990 kr
Stærðir 18-32

Náttfatasett
6.990 kr
Stærðir 22-32

Náttkjóll
6.990 kr
Stærðir 14-22

Náttbuxur
4.990 kr
Stærðir 16-36

Náttfatasett
6.990 kr
Stærðir 18-32

Náttkjóll
8.990 kr
Stærðir 14-26

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Einfaldir hversdagsréttir

Það styttist í hátíð með tilheyrandi veislumat. Væri ekki upplagt að vera á hversdagsnótum dagana fyrir jól og elda eitthvað létt og þægilegt? Hér koma þrjár tillögur að hversdagsmat.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Fiskur er hollur og góður. Það er um að gera að borða sem mest af honum áður en jólasteikurnar verða í algleymingi í næstu viku. Það er bæði fljótlegt og einfalt að gera þessar fiskikökur. Þetta er frábær matur fyrir alla fjölskylduna. Uppskriftin miðast við fjóra.

Fiskikökur með graslaukssósu

800 g ýsuflök, roð- og beinhreinsuð
1 tsk. salt
2 msk. kartöflumjöl
2 dl mjólk
¼ tsk. pipar
4 msk. smátt skorinn blaðlaukur

Skerið fiskinn í litla bita og setjið í matvinnsluvél ásamt öllu því sem talið er upp. Látið vélina ganga í 15-20 sekúndur þar til allt er vel blandað saman.
Notið skeið til að forma fiskikökur, steikið á báðum hliðum í smjöri í um það bil 2-3 mínútur á hvorri hlið eftir þykkt.

Salat

2 gulrætur
1 pakki sykurbaunir
50 g heslihnetur
1 poki blandað salat
1 msk. ólífuolía
¼ tsk. salt

Þvoið og afhýðið gulræturnar. Skerið þær með ostahníf í strimla. Skerið hneturnar gróft. Blandið öllu saman í skál.

Graslaukssósa

1 ½ dl hrein jógúrt
1 msk. hvítvínsedik
1 hvítlauksrif
½ dl ferskur graslaukur

Skerið graslauk og hvítlauk mjög smátt og blandið með öllu hinu sem upp er talið. Kælið sósuna áður en hún er borin fram.

Hakkabuff með lauk

Karbónaði eða hakkabuff er hversdagsmatur sem flestum líkar við. Uppskriftin miðast við fjóra.

500 g nautahakk
¾ tsk. salt
½ tsk. pipar
½ msk. kartöflumjöl
½ dl vatn
2 msk. smjör til steikingar

Æðislegar fiskikökur sem einfalt er að búa til og flestum þykja góðar. Gott er að hafa sósu með. NORDICPHOTOS/GETTY

2 laukar
1 msk. smjör til steikingar

Bætið kryddi og kartöflumjöli út í hakkið ásamt vatninu og hnoðið saman. Búið til átta hakkabuffsneiðar. Hreinsið laukinn og skerið í sneiðar. Steikið laukinn þar til hann mýkist. Steikið síðan hakkabuffin á báðum hliðum á miðlungshita. Mjög gott er að hafa spælt egg með þessum rétti ásamt lauknum. Berið fram með soðnum kartöflum og salati.

Kryddaður kjúklingur með kúskús

Þessi kjúklingur er maríneraður með sítrónu, hunangi og cumin sem gefur honum mjög gott bragð. Uppskriftin miðast við fjóra.

4 kjúklingalæri með legg
Börkur og safi úr einni sítrónu
3 msk. ólífuolía
1 hvítlauksrif
1 tsk. paprikuduft
½ tsk. cumin
1 msk. hunang

Blandið sítrónusafa og berkinum, olíu, hvítlauk, paprikudufti, cumin og hunangi saman og veltið kjúklingnum upp úr blöndunni. Látið standa í 30 mínútur. Leggið kjúklinginn í ofnskúffu og bakið við 180°C í 30 mínútur eða þangað til hann er fulleldaður.

Kúskús

250 g kúskús
½ tsk. túrmerik
1 msk. ólífuolía
½ tsk. salt
2 ½ dl vatn
5 þurrkaðar fíkjur, skornar niður
8 þurrkaðar apríkósur, skornar niður
2 vorlaukar
50 g hakkaðar pistasíur
2 msk. fersk minta

Blandið kúskús, olíu, túrmerik og salti í stóra skál. Setjið vatn og ávexti í pott og hitið upp. Sigtið vatnið og setjið yfir kúskúsið. Geymið ávextina. Setjið plastfilmu yfir kúskúsið og látið standa í 15 mínútur eða þangað til vatnið er gufað upp. Þá er hrært í með gaffli þannig að blandan verði létt og fín. Setjið ávextina út í ásamt vorlauk, pistasíuhnetum, myntu og dressingunni. Blandið öllu vel saman.

Hakkabuff er alltaf vinsæll réttur. Gott er að hafa spælt egg ofan á kjötinu.

Kjúklingalæri og leggir eru yfirleitt á góðu verði í verslunum.

Dressing

1 sítróna, aðeins safinn
1 dl nýkreistur appelsínusafi
1 msk. hunang
½ tsk. kóríander
¼ tsk. kanill
¼ tsk. engifer
½ tsk. salt
¼ tsk. pipar

Hrærið allt saman og setjið saman við kúskúsið. Berið fram með kjúklingnum.

icebreaker® MERINO

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.

Barna Oasis bolur
Verð 6.990 kr.

Barna Oasis leggings
Verð 6.990 kr.

Tech bolur barna
Verð 7.990 kr.

Tech leggings barna
Verð 7.590 kr.

Tech Lite herra
Verð 9.990 kr.

Tech Lite dömu
Verð 9.990 kr.

Oasis Crewe herra
Verð 13.990 kr.

Descender rennd herra
Verð 27.990 kr.

Oasis hálfrennd dömu
Verð 15.990 kr.

Frábærar- og hlýjar jólagjafir

Helix pils
Verð 14.990 kr.

Hanskar fyrir snertiskjá
Verð 5.900 kr.

Anatomica Boxers herra
Verð 6.590 kr.

Siren Tank
Verð 7.590 kr.

Yanni kjóll
Verð 14.990 kr.

Descender rennd dömu
Verð 27.990 kr.

Quantum rennd með hettu herra
Verð 24.990 kr.

Everyday leggings herra og dömu - Verð 11.990 kr.

Everyday Crewe dömu
Verð 11.990 kr.

Everyday hálfrennd herra
Verð 12.990 kr.

Vertex hálfrennd peysa - Verð 19.590 kr.

Vertex leggings - Verð 15.990 kr.

Oasis Crewe dömu - Verð 13.990 kr.

Oasis Crewe herra - Verð 13.990 kr.

100% Merino ull - Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir

Bolir, leggings, pils, jakkar, úlpur, sokkar, vettlingar, buff, nærföt, skyrtur og húfur.

Opið virka daga: 10.00 - 18.00, laugardag 11.00 - 18.00, og sunnudag 11.00 - 18.00

Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is

GG·sport

GG-sport
BYKO

Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Snjómokstur

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

Fjölplógar frá Pronar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir góðan styrk og endingu. Fjöldi stærða í boði. Dæmi: 3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk
Festing frá 47.000 kr. + vsk

PRONAR
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

myranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Heilsa

Nudd

Nuddstofan, opið frá 10-19. Einnig um helgar S. 789 5452

Við komum með jólin til þín

Lengri afgreiðslutímar til jóla

Pósthús	17.–20. des	21. des	22. des	23. des	24. des
Höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Reykjanesbær & Selfoss	9–18	12–16	12–16	9–18	9–12
Akranes, Egilsstaðir, Ísafjörður, Sauðárkrókur & Vestmannaeyjar	Venjulegur tími	12–16	Lokað	Venjulegur tími	10–12
Önnur pósthús	Venjulegur tími	Venjulegur tími	Venjulegur tími	Venjulegur tími	10–12

Upplýsingar um aðra afgreiðslutíma
og örugga skiladaga má finna á **postur.is/jol**

PÓSTURINN

FRÓÐLEIKUR & FRÆÐI UM JÓLIN!

TILBOÐSVERÐ: 5.699.-
Verð áður: 7.999.-

Hreyfing - Rauð og græn

TILBOÐSVERÐ: 4.599.-
Verð áður: 6.099.-

Dag í senn

TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-

Íslensk knattspyrna

TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð áður: 5.499.-

Án filters

TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-

Stjörnur og stórveldi

TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-

Höpp og glöpp

TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-

Auðhumla

TILBOÐSVERÐ: 4.299.-
Verð áður: 5.999.-

Lífgrös og leyndir dómar

TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.499.-

Kjarval - Málarinn sem fór sínar eigin leiðir

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!

TILBOÐSVERÐ: 6.899.- Verð áður: 8.999.-

Bústaðir



TILBOÐSVERÐ: 6.899.- Verð áður: 9.999.-

Af flugum, löxum og mönnum



TILBOÐSVERÐ: 4.499.- Verð áður: 6.499.-

SKÁL og hnífur - Búbblubókin

TILBOÐSVERÐ: 4.899.- Verð áður: 6.999.-

Raunverulegt líf
Guðbjargar Tómasdóttur

TILBOÐSVERÐ: 4.999.- Verð áður: 7.499.-

Vængjaþytur vonarinnar

TILBOÐSVERÐ: 4.899.- Verð áður: 6.999.-

Hlaupabókin

TILBOÐSVERÐ: 4.899.- Verð áður: 6.999.-

Gulur, rauður, grænn & salt -
Vinsælustu réttirnir frá upphafi

TILBOÐSVERÐ: 4.899.- Verð áður: 6.999.-

Í eldhúsi Evu

TILBOÐSVERÐ: 4.899.- Verð áður: 6.999.-

Maðurinn sem Ísland elskaði

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
